

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Smiðjuveg 2, 4b, 4c, 4d og 4e í Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar 22. febrúar 2000 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi lóðanna nr. 2, 4b, 4c, 4d og 4e við Smiðjuveg. Um er að ræða færslu á vesturlóðamörkum Smiðjuveg 4b, 4c, 4d og 4e. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 18. nóvember til 22. desember 1999. Athugasemdir og ábendingar bárust frá einum aðila.

Á ofangreindum fundi samþykkti bæjarstjórn jafnframt umsögn bæjaryfirvalda dags. 15. febrúar 2000 um framkomnar athugasemdir og ábendingar. Tillagan hefur verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Kópavogi, 11. apríl 2000.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.

## GJALDSKRÁ

### Hollustuverndar ríkisins vegna eftirlits og vinnslu starfsleyfa og vegna þjónustu á sviði mengunarvarna.

1. gr.

*Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðinga.*

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjald sem nemur 4.850 kr./klst fyrir útselda vinnu sérfræðinga á vegum stofnunarinnar.

2. gr.

*Gjöld fyrir mengunarvarnaeftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi.*

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjald fyrir veitta þjónustu, verkefni og mengunarvarnaeftirlit með starfsemi sem stofnunin hefur beint eftirlit með sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 786/1999.

Fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í fylgiskjali nr. 1 með reglugerð nr. 786/1999 skal greiða gjald vegna reglubundins eftirlits samkvæmt 12. gr. reglugerðarinnar sem hér segir:

Eftirlitsflokkur	Upphæð gjalds
1. flokkur	330.000
2. flokkur	146.000
3. flokkur	110.000
4. flokkur	86.000

Gjald fyrir eftirlit skal greiða þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Fyrir eftirlit umfram reglubundið eftirlit, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999, skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr. fyrir útselda vinnu sérfræðinga á vegum Hollustuverndar ríkisins, auk ferðakostnaðar.